



SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Vegir og skipulag

Leiðbeiningar

Maí 2014

Uppfærsla á útgáfu frá desember 2007



SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Vegir og skipulag
Leiðbeiningar

13259

S:\2013\13259\v\02_Leiðbeiningar\13259_sk140515_Leiðbeiningar.docx

Mái 2014

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	8.12.2013	SGT		
2	15.5.2014	SGT/SDJ	SGT	SGT



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Stoðgögn skipulagsvinnu	2
2.1	Lög og reglugerðir	2
2.2	Vinnuleiðbeiningar	4
2.3	Helstu stærðir / viðmið	5
3	Skipulagsstigin þrjú	6
3.1	Almennt	6
3.2	Svæðisskipulag	6
3.3	Aðalskipulag	6
3.4	Deiliskipulag	7
4	Samráðsferli	9
4.1	Ákvörðun um sérstakt samráðsferli	9
5	Leiðbeiningablöð	11



1 Inngangur

Árið 2007 fékkst styrkur frá Rannsóknarráði Vegagerðarinnar til að vinna leiðbeiningarrit Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda. Verkefnið var unnið af VSÓ Ráðgjöf í samvinnu við Vegagerðina.

Frá útgáfu fyrstu leiðbeiningana árið 2007 hafa komið ný skipulagslög, ný skipulagsreglugerð, nýjar reglugerðir um hávaða, framkvæmdaleyfi og ýmsar leiðbeiningar verið uppfærðar. Jafnframt var það niðurstaða nefndar um breytingar á veglögum að mikilvægt væri að endurskoða leiðbeiningarnar. Vegagerðin og Samband íslenskra sveitarfélaga ákvað í ljósi þess að uppfæra leiðbeiningarnar. Auk þess var skrifaður kafli um tillögu að verklagi við sérstakt samráð (kafli 4) og útbúin leiðbeiningablöð fyrir gerð aðalskipulags og deiliskipulags (kafli 5). Sérstakt samráð á við þegar ljóst er að ólíkar skoðanir eru um skipulag, skilmála eða útfærslu samgöngumannvirkja og hið almenna samráð í skipulagsferlinu hefur ekki skilað viðunandi lausn.

Í skipulagsvinnu þarf oft að taka tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar sem liggja um eða við skipulagssvæðið. Gera þarf ráð fyrir nægilegu rými svo samgöngumannvirki uppfylli kröfur um ásættanlegt þjónustustig, hljóðvist, sýnileika og umferðaröryggi.

Land verður sífellt verðmætara, sérstaklega í þéttbýli. Það eru hagsmunir allra, jafnt landeigenda, Vegagerðarinnar, íbúa og sveitarfélags að strax í upphafi sé fjallað um útfærslur m.t.t. allra þessara aðila. Þannig má tryggja hámarks gæði og koma í veg fyrir vandamál og hagsmunaárekstra þegar komið er á framkvæmdastig eða síðar.

Leiðbeiningarrit fyrir sveitarfélög, skipulagshöfunda og Vegagerðina er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli. Einnig er með því leitast við að lágmarka óvissu um ábyrgð og skyldur aðila. Skipulagshöfundar geta þar með undirbúið mál sitt betur, Vegagerðin veit að hverju hún gengur og getur gert athugasemdir og sett fram óskir eða kröfur um útfærslur byggðar á skýrum grunni.

Í verkefnishóp að endurskoðun leiðbeininga um Vegi og skipulag sátu Eiríkur Bjarnason og Erna B. Hreinsdóttir frá Vegagerðinni, Guðjón Bragason og Pétur Ingi Haraldsson sem fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stefán Gunnar Thors frá VSÓ Ráðgjöf.

Það er vilji hópsins að þessar leiðbeiningar verði aðgengilegir á heimasíðu Vegagerðarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar.

2 Stoðgögn skipulagsvinnu

2.1 Lög og reglugerðir

Safnað hefur verið saman lögum og reglum sem snúa að málsmeðferð og hönnun umferðarmannvirkja ásamt leiðbeiningum sem skipulagshöfundar þurfa að notast við í skipulagsvinnu sinni. Gögnin eru tekin saman í eftirfarandi lista. Í listanum kemur fram :

- ▶ heiti viðkomandi gagns
- ▶ tilvísun (vefslóð)
- ▶ stutt lýsing á efni/innihaldi og gildi þess, t.d. hvort um viðmið, leiðbeiningu, skilyrði eða annað er að ræða og hver þýðing þess er í ferlinu

Lög og reglugerðir	Lýsing	Tilvísun
Lög nr. 123/2010 Skipulagslög	Sjá sérstaklega: <ul style="list-style-type: none"> • 1. gr. um markmið laganna • 12. gr. um skipulagsskyldu og • 13. gr. um framkvæmdaleyfi • Kafla VI um svæðisskipulagsáætlanir • Kafla VII um aðalskipulagsáætlanir • Kafla VIII um deiliskipulagsáætlanir 	www.skipulagsstofnun.is (Lög og reglugerðir)
Lög nr. 80/2007 Vegalög	Ákvæði laga þessara gilda um þjóðvegi sem ætlaðir eru til umferðar ökutækja og veghald þeirra. Ákvæði laganna gilda einnig eftir því sem við getur átt um vegi og stíga sem ætlaðir eru til annarrar umferðar. Athygli vakin á: <ul style="list-style-type: none"> • III. kafla um flokkun vega • IV. kafla um veghald • VI. kafla um skipulag og veghelgunarsvæði 	www.vegagerdin.is (Lög og reglugerðir)
Lög nr. 105/2006 Lög um umhverfismat áætlana	Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim, sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.	www.skipulagsstofnun.is (Lög og reglugerðir)
Lög nr. 106/2000 Lög um mat á umhverfisáhrifum	Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laganna eru háðar lögunum. Dæmi um samgöngumannvirki eru: <ul style="list-style-type: none"> • Stofnbrautir í þéttbýli, • nýir vegir 10 km og lengri utan þéttbýlis, • enduruppbygging vega 10 km eða lengri, • tengibrautir í þéttbýli, • allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og • enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum 	www.skipulagsstofnun.is (Lög og reglugerðir)
Reglugerð nr. 90/2013 Skipulagsreglugerð	Reglugerð þessi gildir um gerð skipulagsáætlana, meðferð og framsetningu þeirra. Athygli er vakin á: <ul style="list-style-type: none"> • 3. kafla um svæðisskipulag • 4. kafla um aðalskipulag • 5. kafla um deiliskipulag • Gr. 5.3.2.5 um samgöngur 	www.skipulagsstofnun.is (Lög og reglugerðir)

Lög og reglugerðir	Lýsing	Tilvísun
<p>Reglugerð nr. 772/2012</p> <p>Reglugerð um framkvæmdaleyfi</p>	<p>Gildir um framkvæmdaleyfi vegna meiriháttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku.</p> <p>Umferðarmannvirki eða tengdar framkvæmdir sem geta verið háðar framkvæmdaleyfi eru meðal annars eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýir vegir og enduruppbygging vega, • stígar, • brýr í dreifbýli, þ.m.t. umferðar- og göngubrýr, umferðarbrýr í þéttbýli, • jarðgöng, vegskálar, og • efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af hafsbotni 	<p>www.skipulagsstofnun.is</p> <p>(Lög og reglugerðir)</p>
<p>Reglugerð nr. 866/2011</p> <p>Reglugerð um öryggisstjórnun vegamannvirkja</p>	<p>Markmið öryggisstjórnunar vegamannvirkja er að fækka umferðarslysum með því að fylgja ákveðinni aðferðafræði sem hefur umferðaröryggi að leiðarljósi við undirbúning og lagningu nýrra vega sem og við úttektir á vegum sem þegar hafa verið teknir í notkun.</p> <p>Reglugerðin gildir um vegi sem eru hluti af samevrópska vegakerfinu hér á landi, hvort sem þeir eru á hönnunarstigi, á framkvæmdastigi eða í notkun.</p>	<p>www.vegagerdin.is</p> <p>(Lög og reglugerðir)</p>
<p>Reglugerð nr. 724/2008</p> <p>Reglugerð um hávaða</p>	<p>Reglugerð þessi tekur til hávaða af mannavöldum og markmið hennar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða. Athygli er vakin á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • 4. gr. um mörk fyrir hávaða • Viðauka, tafla I um mörk vegna umferðar ökutækja 	<p>www.reglugerd.is</p> <p>(Lög og reglugerðir)</p>
<p>Reglugerð nr. 1000/2005</p> <p>Reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir</p>	<p>Reglugerð þessi tekur til hávaða sem fólk verður fyrir á byggðum svæðum, á útivistarsvæðum, og kyrrlátum svæðum í þéttbýli og dreifbýli, við skóla, sjúkrastofnanir og aðrar byggingar þar sem fólk er viðkvæmt fyrir hávaða. Athygli er vakin á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • 4. gr. um kortlagningu hávaða • 7. gr. um hávaðakort og ábyrgð að vinna slíkt kort 	<p>www.reglugerd.is</p> <p>(Lög og reglugerðir)</p>
<p>Reglugerð nr. 1123/2005</p> <p>Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum</p>	<p>Reglugerð þessi gildir um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.</p> <p>Í reglugerð er gerð skil á þeim upplýsingum sem leggja þarf fram í matsvinnu.</p>	<p>www.skipulagsstofnun.is</p> <p>(Lög og reglugerðir)</p>

2.2 Vinnuleiðbeiningar

Vinnuleiðbeiningar	Efni	Gildi	Tilvísun
Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar	Leiðbeiningar um hönnun vega á forræði Vegagerðarinnar og tengdra mannvirkja.	Kröfur Vegagerðarinnar um útfærslu og hönnun vega (Veghönnunarreglur eru í endurnýjun og birtist jafnóðum á vef Vegagerðarinnar)	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/
Norskar veghönnunarreglur Statens Vegvesen, Vegnormaler	Leiðbeiningar um hönnun vega á forræði Vegagerðarinnar og tengdra mannvirkja.	Stoðgagn	http://www.vegvesen.no/Fag/Publikasjoner/Handboker/Vegnnormaler/Vegnnormaler.57257.cms
Þýskar veghönnunarreglur Richtlinien für die Anlage von Straßen	Veghönnunarreglur um hönnun vega á forræði Vegagerðarinnar og tengdra mannvirkja	Stoðgagn	
Sænskar veghönnunarreglur Vagverket, Vagutformning '94	Veghönnunarreglur um hönnun vega á forræði Vegagerðarinnar og tengdra mannvirkja	Stoðgagn	www.vv.se
Hönnun hringtorga - skýrsla Viðauki A, B og C	Gátlisti um við hvaða aðstæður ætti að velja hringtorg og leiðbeiningar um gerð íslenskra hringtorga.	Hönnunarleiðbeiningar	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/
Leiðbeiningar um hönnun 2+1 vega	Leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að hönnun 2+1 vega á Íslandi.	Hönnunarleiðbeiningar	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/
Götu- og veglýsing. Reglur um lýsingu gatna og vega.	Leiðbeiningar um götulýsingu.	Leiðbeiningar Ljóstæknifélags Íslands	www.ljosfelag.is (Útgefið efni)
Reiðvegir : gerð og uppbygging	Leiðbeiningar um gerð og uppbyggingu reiðvega sem ætlað er að auðvelda skipulags- og framkvæmdaraðilum gerð reiðvega á öllu landinu.	Til almennra viðmiðana og leiðbeinandi fyrir sveitarfélög, landeigendur, skipulagsfræðinga, Vegagerðina og forsvarsmenn hestamanna við skipulagsvinnu og gerð reiðvega	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/
Mat á umhverfisáhrifum	Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar	www.skipulag.is (Leiðbeiningar og útgáfa)
Umhverfismat áætlana	Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar	www.skipulag.is (Leiðbeiningar og útgáfa)
Námur, efnistaka og frágangur	Leiðbeiningar um efnistöku og frágangur náma.	Leiðbeiningar Vegagerðarinnar	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/

Vinnuleiðbeiningar	Efni	Gildi	Tilvísun
Eftirlitsstaðir fyrir umferðareftirlit	Leiðbeiningar um hönnun eftirlits- og vigtunarstaða.	Leiðbeiningar Vegagerðarinnar	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/
Umferðarspár	Umferðarspár er að finna á vef Vegagerðarinnar. Sjá einnig umfjöllun í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.	Umferðarspár	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/umferdin/
Umferðartölur	Umferðartalning, rauntölur.	Upplýsingar frá Vegagerðinni	www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/umferdin/
Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags	Ferli og aðferðir.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar	www.skipulag.is (Leiðbeiningar og útgáfa)
Leiðbeiningar um gerð deiliskipulags	Almennt, verkáætlan, málsmeðferð, stjórnsýsla og framsetning.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar	www.skipulag.is (Deiliskipulag)
Yfirferð deiliskipulagsgagna fyrir skipulagsfulltrúa og ráðgjafa	Gátlisti.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar	www.skipulag.is (Leiðbeiningar og útgáfa)
Leiðbeiningarblöð Skipulagsstofnunar	Um ýmislegt varðandi skipulagsgerð, ferli og breytingar.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar	www.skipulag.is (Leiðbeiningar og útgáfa)

Auk ofangreindra atriða skal bent á umferðaröryggisrýni Vegagerðarinnar en hún innifelur kerfisbundna, óháða úttekt á umferðaröryggi vegamannvirkja, nýrra eða endurbyggðra, og fer fram á undirbúnings- og hönnunarstigi og í upphafi notkunar mannvirkisins (Hreinn Haraldsson og Auður Þóra Árnadóttir, 2006). Umferðaröryggisrýni fer fram í samræmi við verklagsreglur Vegagerðarinnar og tilskipun ESB.

2.3 Helstu stærðir / viðmið

Í töflunni að neðan er dregið á helstu stærðum sem líta má á sem grundvallaratriði í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu. Hér er aðeins um yfirlit að ræða sem ætlað er að vekja athygli á áður nefndum grunnstærðum. Leita skal nánari upplýsinga í viðkomandi lögum, reglugerðum eða stöðlum. Varðandi fjarlægð byggðar frá vegi utan þéttbýlis er bent á kafla 3.1.

Viðfangsefni	Gildi	Tilvísun
Veghelgunarsvæði stofnvega	30 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði tengivega	15 m til beggja hliða frá miðlínu	Vegalög
Veghelgunarsvæði vegamóta	Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti*	Vegalög
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	35-55 dB**	Reglugerð nr. 724/2008 og 1000/2005**

* Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

** Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005.

3 Skipulagsstigin þrjú

Kröfur sem gerðar eru til skipulagshönnuða eru nokkuð mismunandi eftir umfangi og eðli skipulagsáætlunar sem er í vinnslu. Gerður er greinarmunur á svæðisskipulagi, aðalskipulagi og deiliskipulagi og skal nákvæmni og efnisleg umfjöllun taka mið af eðli viðkomandi skipulagsstigs.

3.1 Almennt

„Óheimilt er að tengja vegi þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar.“ (29. gr. vegalaga).

„Ákveða skal legu vega á forræði Vegagerðarinnar í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda. Fallist sveitarfélag ekki á tillögu Vegagerðarinnar skal það rökstyðja það sérstaklega. Þó er sveitarfélagi óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis en tillagan felur í sér. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.“ (28. gr. vegalaga).

„Ávallt skal leita umsagnar Vegagerðarinnar þegar líkur eru á að breytingar á skipulagi hafi áhrif á umferð um þjóðvegi, svo sem með auknum umferðarþunga.“ (28. gr. vegalaga).

Til að koma í veg fyrir misskilning þarf að huga að samræmi milli flokkunar þjóðvega í vegaskrá og í skipulagi.

„Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til. Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línunum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.“ (32. gr. vegalaga).

3.2 Svæðisskipulag

„Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðaðbrún og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.“ (1. mgr. 21. gr. skipulagslaga nr. 123/2010).

„Svæðisskipulag skal taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda, þ.m.t. hafs innan sveitarfélagamarka. Stefnumörkun svæðisskipulags skal taka til a.m.k. tólf ára tímabils.“ (2. mgr. 3.1.2. gr. skipulagsreglugerðar).

„Geri svæðisskipulagstillaga ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir mat á umhverfis-áhrifum, skal gerð grein fyrir þeim.“ (7. mgr. 3.4. gr. skipulagsreglugerðar).

Í svæðisskipulagsvinnu er fyrst og fremst um heildræna stefnumörkun tveggja eða fleiri sveitarfélaga að ræða. Hún felst því í byggðaðbrún og landnotkun.

3.3 Aðalskipulag

„Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir viðkomandi sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Aðalskipulag skal einnig ná til vatns og hafs innan marka

sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Þar er einnig gerð grein fyrir takmörkunum á landnotkun, svo sem vegna náttúruvár og verndar.“ (1. mgr. 4.1.2. gr. í skipulagsreglugerð).

Í aðalskipulagi þarf að gera grein fyrir hvernig nýr landnotkunarreitir tengist megingatnakerfi sveitarfélagsins. Til að tryggja umferðaröryggi er mikilvægt að hægt verði að uppfylla ákvæði veghönnunarreglna Vegagerðarinnar m.a. um vegsýn og lágmarksfjarlægðir milli vegamóta á stofn- og tengivegum.

„Þróun samgöngumála og megináhrifaþættir. Áhrif samgangna á nálæga byggð og hvernig bregðast á við áhrifum samgangna, t.d. vegna hávaða, loftmengunar og umferðarþunga. Stefna um samgöngumál svo sem um megingatnakerfið, ný samgöngumannvirki og ráðstafanir sem gerðar eru til að greiða götu almenningsgangna og vistvænna samgöngumáta.“ (h-liður 2. mgr. 4.3.1. gr. í skipulagsreglugerð).

„Geri aðalskipulagstillaga ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, skal gerð grein fyrir þeim í skipulagstillögunni“ (4. mgr. 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar).

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarfélags í skipulagsmálum til a.m.k. 12 ára. Þar er gerð grein fyrir megingatnakerfi, núverandi og fyrirhuguðu og það sýnt með skýrum hætti á uppdrætti. Í greinagerð aðalskipulagsins er gerð nánari grein fyrir stefnu sveitarfélagsins í samgöngumálum og fyrirhuguðum framkvæmdum. Hér getur einnig reynt á stærðir eins og fjarlægð milli vegamóta og mögulega hávaðamengun. Einnig þarf að gera grein fyrir hvernig ný byggðasvæði og landnotkunarreitir tengjast megingatnakerfinu, þótt ekki sé ávallt nauðsynlegt að sýna þessar tengingar á uppdrætti aðalskipulags, það væri frekar viðfangsefni deiliskipulags og/eða framkvæmdaleyfis. Setja má ákvæði um veghönnun og tengingar á milli gatnamóta í aðalskipulagsáætlun, sem útfært yrði frekar í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi, eftir því sem við á.

Landnotkunarflokkur vega skv. 6.2. gr. skipulagsreglugerðar er:

Vegir, götur og stígar (VE). Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mismög gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

3.4 Deiliskipulag

„Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Landeiganda eða framkvæmdaraðila er þó heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.“ (1. mgr. 38. gr. skipulagslaga).

„Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að unnt sé að framfylgja sérstökum kröfum sem gerðar eru í öðrum lögum og reglugerðum, s.s. kröfum um hljóðvist, verndun náttúru- og menningarmínja, heilsu og öryggi. Samráð skal haft við umsagnaraðila og fagstofnanir til að tryggja framfylgd þeirra krafna.“ (4. mgr. 5.3.2. gr. í skipulagsreglugerð).

„Við deiliskipulag svæða í þéttbýli, og í dreifbýli eftir atvikum, skal gera grein fyrir því samgöngukerfi sem fyrir er og fyrirhugað er skv. aðalskipulagi. Gera skal grein fyrir frekari stefnumörkun varðandi útfærslu gatnakerfis, tegund gatna, bílastæði, undirgöng, brýr, hjóla-, reið- og göngustíga, flugbrautir og hafnarmannvirki eftir því sem við á.“ (a-liður 5.3.2.5. gr. í skipulagsreglugerð).

„Utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum

og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar um er að ræða verslunar- og þjónustubyggingar en gæta skal ákvæða vegalaga um veghelgunarsvæði. Óheimilt er að færa þjóðveg eða byggja nýjan veg utan þéttbýlis þannig að fjarlægð milli bygginga og vega verði minni en framangreind mörk segja til um án undangenginnar málsmeðferðar um deiliskipulag.” (d-liður 5.3.2.5. gr. í skipulagsreglugerð).

„að aðgengi allra að mannvirkjum sé tryggt og að sérstakt tillit sé tekið til þarfa barna, fatlaðra og aldraðra við tilhögun og hönnun mannvirkja og almenningsrýma.” (3. mgr. 5.1.1. gr. í skipulagsreglugerð).

„Ef innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir framkvæmd sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum, skal setja fyrirvara um þær leyfisveitingar sem háðar eru því að málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram. Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. framangreindum lögum liggur fyrir skal taka afstöðu til þess hvort skilyrði sem kunna að liggja fyrir í álitinu skuli tekin inn í deiliskipulagið sem skipulagsskilmálar.“ (5.3.2.19. gr. skipulagsreglugerðar).

„Á uppdrætti skal gera grein fyrir helgunarsvæðum vega skv. vegalögum og hindrunarflötum flugvalla ef þeir hafa verið skilgreindir í samræmi við loftferðalög. Á uppdrætti eða á annan hátt skal gerð grein fyrir haftasvæðum vegna hafna- og siglingaverndar. Þess skal gætt að ný mannvirki trufli ekki eða skyggi á vita- eða siglingamerki.“ (e liður 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar).

Mikilvægt er að huga vel að veghelgunarsvæði þjóðvega og að sækja um leyfi til vegtenginga til Vegagerðarinnar. Einnig að taka frá rými fyrir hljóðmanir, göngu-, hjólreiða- og reiðstíga en ekki er leyfilegt að koma þessum mannvirkjum, frekar en öðrum, fyrir á veghelgunarsvæði þjóðvega nema með leyfi Vegagerðarinnar. Almennt er best að hafa alla stíga sem fjærst þjóðvegum.

Allar tengingar við þjóðvegi skal sýna með skýrum hætti á uppdráttum. Tengingar sem ekki eru sýndar á skipulagi, t.d. túntengingar, má ekki ganga að sem vísun miðað við breytta notkun, t.d. ef byggt er frístundahús.

Samkvæmt gr. 5.5 í skipulagsreglugerð fela skipulagsskilmálar deiliskipulags í sér bindandi útfærslu stefnu. Það er því mikilvægt að útfærslur sem snúa að vegum á forræði Vegagerðarinnar uppfylli vegalög og reglugerðir sem á þeim eru byggðar. Þar getur verið um að ræða veghelgunarsvæði, fjarlægð mannvirkja frá vegum, vegalengd milli tenginga og ýmis atriði er tengjast öryggi og þjónustustigi vega. Þegar bindandi útfærsla í deiliskipulagi er sett fram er nauðsynlegt aðákveðin frumdragavinna sé unnin í samráði við Vegagerðina. Markmið slíkrar frumdragavinnu er að tryggja að raunveruleg rýmisþörf mannvirkja endurspeglar í deiliskipulaginu.

4 Samráðsferli

4.1 Ákvörðun um sérstakt samráðsferli

Þegar ljóst er að ólíkar skoðanir eru um skipulag, skilmála eða útfærslu samgöngumannvirkja og hið almenna samráð í skipulagsferlinu hefur ekki skilað viðunandi lausn er mælt með því að ráðast í sérstakt samráðsferli. Frumkvæði að því getur komið frá sveitarstjórn eða Vegagerðinni. Nauðsynleg forsenda fyrir því að hefja slíkt ferli er að aðilar séu reiðubúnir til að skoða allar hliðar málsins að nýju.

Eftirfarandi er tillaga að samráðsferli og er henni ætlað að vera leiðbeinandi um fyrirkomulag og verklag samráðs, þau gögn sem lögð eru fram, skiptingu kostnaðar og hvernig skuli unnið með niðurstöðu samráðsins.

Fyrirkomulag samráðs	<ul style="list-style-type: none"> • Frumkvæði að samráði: sveitarfélög eða Vegagerðin • Þátttakendur • Tilgangur samráðs • Kostnaður • Verklag funda
Forsendur	<ul style="list-style-type: none"> • Afmörkun deiluefnis • Skilgreining hagsmuna • Rökstuðningur hagsmuna - stoð í lögum og reglugerðum • Þörf á frekari gögnum
Greining	<ul style="list-style-type: none"> • Greining valkosta og samanburður m.t.t. hagsmuna • Mótun nýrra kosta • Aðrir möguleikar
Tillaga samráðshóps	<ul style="list-style-type: none"> • Rökstudd tillaga samráðshóps. Sameiginleg eða gerð grein fyrir þeim þáttum sem ekki næst samstaða um • Afgreiðsla tillögu í sveitarstjórn og yfirstjórn Vegagerðarinnar • Afleiðing þess að ná ekki samkomulagi
Málsmeðferð skipulags	<ul style="list-style-type: none"> • Gerð grein fyrir niðurstöðu samráðshóps í skipulagstillögu

Mynd 1: Tillaga að samráðsferli

Fyrirkomulag samráðs

Lagt er til að skipa sérstaka samráðsnefnd. Hæfilegur fjöldi þátttakenda í samráðsnefnd er 4-6 og tilnefna aðilar jafn marga. Nefndin velur sér formann og ritara. Aðilar bera kostnað af þátttöku sinna fulltrúa í nefndinni.

Fyrsta verkefni samráðsnefndar er að skilgreina deiluefni, þ.e.a.s. um hvað aðilar eru ósammála.

Næsta verkefni er að skilgreina tilgang samráðsins og að fá fram sameiginlegan skilning á tilganginum og hvernig skuli staðið að samráðsvinnunni. Aðilar lýsa væntingum sínum til samráðsins og hverju það geti skilað til að stuðla að framgangi skipulagsáætlunarinnar.

Að því loknu er gerð grein fyrir vinnulagi nefndarinnar, s.s. hversu oft er gert ráð fyrir að funda, hvenær áætlað er að starfi nefndar ljúki og hvernig niðurstaða nefndarinnar verður nýtt í viðkomandi skipulagsvinnu.

Mikilvægt er að skjalfesta samráðið og forsendur fyrir ákvörðunum eða tillögum. Hluti af því er að skrifa fundargerðir og dreifa þeim til aðila s.s. sveitarstjórna og forstjóra Vegagerðarinnar.

Forsendur

Skilgreina þarf hagsmunaaðila og hagsmuni sem snúa að deiluefninu. Hver aðili leggur fram yfirlit um þá hagsmuni sem liggja að baki viðhorfi þeirra. Nefndin flokkar síðan þá hagsmuni sem eru sameiginlegir með aðilum og þá sem ganga gegn hvorum öðrum.

Tilgangurinn er að afmarka deiluefnið eins og hægt er og beina sjónum að þeim þáttum þar sem hagsmunir virðast ekki fara saman.

Hver aðili leggur fram rökstuðning fyrir hagsmunum sínum. Mikilvægt er að leggja fram gögn með rökstuðningi s.s. upplýsingar um færð, greiðfærni, slysatölur, styttingu, ávinning, kostnað o.fl. Áhersla skal lögð á að tengja hagsmuni við lög, reglugerðir, stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga, og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Nefndin skal fara yfir rökstuðning og leggja mat á það hvort nægjanleg gögn séu fyrirbyggjandi um hagsmuni þannig að hægt sé að taka ákvörðun um þá. Ef ekki liggja fyrir nauðsynleg gögn skal afla þeirra. Aðilar skulu ná samkomulagi um greiðslu kostnaðar við gagnaöflun.

Hafa ber í huga

- ▶ Markmið skipulagslaga.
- ▶ Markmið samgönguáætlunar.
- ▶ Taka þarf mið af því hvers konar skipulag er til umfjöllunar (svæðisskipulag, aðalskipulag eða deiliskipulag) og þ.a.l. hversu ýtarleg gögn þurfi að vera m.t.t. þess.
- ▶ Sveitarfélög fara með skipulagsvald skv. skipulagslögum.
- ▶ Samkvæmt vegalögum skal ákveða legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda.
- ▶ Samkvæmt vegalögum skal tenging vega við þjóðvegi vera í samræmi við skipulag og vera heimiluð af hálfu Vegagerðarinnar.
- ▶ Samkvæmt skipulagslögum veitir sveitarfélag framkvæmdaleyfi, sem þarf að vera í samræmi við skipulag og ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum.
- ▶ Vegagerðin er veghaldari þjóðvega.
- ▶ Samkvæmt vegalögum vegur umferðaröryggi þungt við ákvörðun um legu þjóðvega í skipulagi. Óheimilt er að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis.

Greining

Þegar hagsmunir og upplýsingar liggja fyrir skal nefndin fara yfir það hvort hún geti gefið hagsmunum vægi, sammælt um vægisgjöf og raða þeim eftir vægi.

Nefndin fer yfir þá valkosti sem liggja fyrir eða nefndin ákveður að skuli skoða og ber þá saman m.t.t. fyrirbyggjandi hagsmuni sem geta snúið að byggðapróun, umferðaröryggi, greiðfærni, kostnaði, umhverfisáhrifum, viðbragðstíma sjúkraflutninga og fleiri þátta. Hagsmunir til skoðunar geta verið hagsmunir þjóðarinnar, sveitarfélags, vegfarenda og landeigenda.

Byggt á sameiginlegu mati eða með samanburði skal nefndin kanna hvort hún nái samstöðu um fyrirbyggjandi valkosti með eða án breytinga. Ef aðilar ná ekki samkomulagi um fyrirbyggjandi kosti eftir þessa greiningu skal skoða hvort að unnt sé að leggja fram nýja kosti sem kunna að vera í samræmi við þá hagsmuni sem eru til skoðunar.

Hafa ber í huga

- ▶ Mikilvægt er að mat á umferðaröryggi byggi á kerfisbundnu og hlutlægu mati. Skilgreina þarf skýr viðmið um umferðaröryggi, þannig að hægt sé að meta hvaða kostir feli í sér ásættanlegt öryggi sbr. verklagsreglur um umferðaröryggismat og umferðaröryggisrýni.
- ▶ Útfærslur á valkostum geta einnig snúið að áfangaskiptingu framkvæmda eða tímasetningu, ákvörðun um frekari rannsóknir áður en ákvörðun er tekin um framkvæmd, skiptingu kostnaðar og mótvægisáðgerðir gagnvart umhverfisáhrifum, samfélagi og öryggi.
- ▶ Mikilvægur hluti af samanburði valkosta er að meta hvernig þeir falla að sameiginlegum hagsmunum. Út frá því þarf að skoða hvort mögulegt sé að slíkir hagsmunir vegi þyngra en þeir sem ekki næst samstaða um.
- ▶ Hverjar séu mögulegar afleiðingar af því að ekki náist samstaða um viðfangsefnið, s.s. frestun framkvæmda, ekki fáist framkvæmdaleyfi, að framkvæmd fari ekki inn á vegáætlun eða skipulag, og hvort að líkur séu á því að ekki hljóttist staðfesting skipulagsáætlunar.

Tillaga samráðsnefndar og málsmeðferð

Nefndinni ber að skila niðurstöðu og skal hún leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu um deiluefnið. Nefndin rökstyður niðurstöðu sína. Ef ekki næst samstaða skal nefndin gera grein fyrir þeim hagsmunum og sjónarmiðum sem ekki náðist samstaða um ásamt mögulegum afleiðingum þess.

Niðurstaða nefndarinnar er send til afgreiðslu sveitarstjórna og forstjóra Vegagerðarinnar. Í þeirri afgreiðslu skal niðurstaða nefndar staðfest, breytt eða lagt til að hún skoði ákveðna hluti betur.

Í viðkomandi skipulagsáætlun þarf að gera grein fyrir niðurstöðu samráðsins og þeim hagsmunum sem voru til skoðunar.

Hafa ber í huga

- ▶ Tilgangur samráðsins er að ná samkomulagi um lausn á deiluefninu.
- ▶ Ef ekki næst samstaða í nefndinni eða við afgreiðslu niðurstöðu nefndar er líklegt að ekkert verði af viðkomandi samgöngumannvirkjum. Sveitarfélag hefur heimild til að hafna útgáfu framkvæmdaleyfis og Vegagerðin getur dregið það eða hætt við að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir viðkomandi samgöngumannvirkjum.

5 Leiðbeiningablöð

- ▶ Leiðbeiningablað 1 um aðalskipulag og vegi
- ▶ Leiðbeiningablað 2 um deiliskipulag og vegi

1

Um aðalskipulag og vegi

Tilgangur leiðbeininganna er að veita þeim sem vinna að skipulagi yfirlit um þau gögn, hagsmuni og forsendur sem taka þarf tillit til þegar fjallað er um vegi á ábyrgð Vegagerðarinnar. Stefna ætti að því að samráði Vegagerðar og sveitarfélags sé lokið áður en skipulagstillaga er auglýst.

Hvenær á gátlistinn við?

Þegar unnið er að aðalskipulagi sem felur í sér einn eða fleiri eftirfarandi þátta:

- Breyting á legu þjóðvega, sem eru stofnvegir, tengivegir, héraðsvegir eða landsvegir
- Breyting á flokkun þjóðvega t.d. tengivegur verður að héraðsvegi, héraðsvegur verður að einkavegi eða stofnvegur felldur niður
- Nýir þjóðvegir, t.d. tengivegur að nýju atvinnusvæði eða íbúðarsvæði
- Ný tenging við þjóðveg, þ.e. allar vegtengingar sem gerðar eru við þjóðveg
- Skipuleggja á landnotkun og mannvirkjagerð innan veghelgunarsvæðis, s.s. reið-, hjóla og göngustígar, verslun og þjónustu og veitukerfi (rafstrengir, ljósleiðarar og vatnslagnir)
- Gerðar eru breytingar sem hafa áhrif á umferð t.d. afköst og öryggi þjóðvega vegna tillagna um að þrengja að stofnvegi, hægja á umferð eða bæta við nýrri byggð

Leiðbeiningarnar eru settar fram í formi gátlista og fylgja þær skipulagsferlinu:

- A. Lýsing verkefnis og matslýsing
- B. Vinnslutillaga aðalskipulags
- C. Tillaga til auglýsingar
- D. Afgreiðsla aðalskipulagsáætlunar

A. Lýsing verkefnis og matslýsing

Forsendur	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir forsendum skipulagsáætlunarinnar, sem snúa að samgöngum (vegum, stígum meðfram vegum, tengingum).	
<input type="checkbox"/> Tilgreina ástæðu þess að mótuð er stefna um þjóðvegi.	
<input type="checkbox"/> Eru áform um vegaf framkvæmdir í samgönguáætlun/vegáætlun.	<i>Samgönguáætlun</i>
<input type="checkbox"/> Er skipulagstillaga háð lögum um umhverfismat áætlana?	<i>Lög nr. 105/2006</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir flokkun vega, þ.e. stofnvegir, tengivegir, héraðsvegir og landsvegir.	<i>Vegaskrá</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir hvort ákvæði um veghönnun, tengingar á milli vegamóta o.þ.h verði sett fyrir deiliskipulag eða framkvæmdaleyfi.	<i>Veghönnunarreglur</i>
<input type="checkbox"/> Upplýsingar um umferð, umferðapróun og umferðaröryggi vega.	<i>Umferðartölur</i> <i>Umferðaröryggi</i>
<input type="checkbox"/> Gerð lýsingar skv. kafla 4.2.3 í skipulagsreglugerð.	<i>Skipulagsreglugerð</i>
Gagnaöflun	
<input type="checkbox"/> Afla hnitsettra gagna af legu vega?	
Samráð	
<input type="checkbox"/> Senda lýsingu til umsagnar Vegagerðarinnar.	

<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðarinnar eða sveitarfélags tilefni til þess að ræða þurfi forsendur og hagsmuni frekar s.s. á fundi?	<i>Samráðsferill</i>
--	----------------------

B. Vinnslutillaga aðalskipulags

Forsendur	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir umferð og umferðaröryggi og öðrum forsendum í lýsingu.	<i>Umferðartölur Umferðaröryggi</i>
Tillaga	
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir legu vegar. Hnitsett gögn ef hnitsetning liggur fyrir.	
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir veghelgunarsvæði skv. vegalögum (30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til). Merkja á uppdrátt ef mælikvarði leyfir.	<i>Vegalög</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir því hvort nægileg fjarlægð sé á milli gatnamóta. Rökstyðja ákvörðun ef ekki er fylgt veghönnunarreglum.	<i>Veghönnunarreglur</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir áhrifum breytinga/nýrra vega á umhverfið s.s. nálæga byggð (hávaði, loftmengun, umferð) og náttúru.	<i>Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar</i>
<input type="checkbox"/> Upplýsingar um umferð og umferðaröryggi vega.	<i>Umferðartölur</i>
<input type="checkbox"/> Umferðaröryggismat Vegagerðarinnar á tillögu og/eða valkostum vega ef við á.	<i>Vegalög Reglugerð</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir efnistöku og frágangi náma.	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Þarf að setja sérstök ákvæði vegna vega t.d. ef þeir eru háðir lögum um mat á umhverfisáhrifum?	<i>Sjá viðauka 1 og viðauka 2</i>
Samráð	
<input type="checkbox"/> Senda vinnslutillögu til umsagnar Vegagerðarinnar.	
<input type="checkbox"/> Vegagerðin skoðar m.a. tillögu m.t.t. legu vegar, umferðaröryggis, vegtenginga, kostnaðar, uppbyggingar, afmörkunar veghelgunar, umhverfisáhrifa og skipulagsákvæða.	
<input type="checkbox"/> Þegar tilefni er til leggur Vegagerðin fram mat á umferðaröryggi mismunandi valkosta.	<i>Vegalög Reglugerð Umferðaröryggisáætlun Sveitarfélagsins</i>
<input type="checkbox"/> Ef tillaga hefur áhrif á aðliggjandi sveitarfélag s.s. umferð og aðgengi skal senda hana til umsagnar viðkomandi sveitarfélags.	
<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðarinnar eða sveitarfélags tilefni til þess að ræða þurfi vinnslutillögu frekar s.s. á fundi?	<i>Samráðsferill</i>

C. Tillaga aðalskipulags til auglýsingar

Forsendur	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir samráði milli sveitarfélags og Vegagerðar.	
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir og rökstyðja ákvörðun ef sveitarfélag velur aðra leið eða útfærslu á vegi en Vegagerðin hefur lagt til.	
Tillaga	
<input type="checkbox"/> Sama og í lið B.	
Samráð	
<input type="checkbox"/> Senda tillögu til umsagnar Vegagerðarinnar.	
<input type="checkbox"/> Vegagerðin skoðar m.a. tillögu m.t.t. sömu þátta og í lið B.	

<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðarinnar eða sveitarfélags tilefni til þess að ræða þurfi tillögu frekar s.s. á fundi?	<i>Samráðsferill</i>
--	----------------------

D. Afgreiðsla aðalskipulags

Afgreiðsla	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Mikilvægt er að samráði Vegagerðarinnar og sveitarfélags ljúki áður en tillaga er auglýst.	
<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðar tilefni til þess að breyta þurfi tillögu?	
<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðarinnar eða sveitarfélags tilefni til þess að ræða þurfi tillögu frekar s.s. á fundi?	<i>Samráðsferill</i>
<input type="checkbox"/> Tilkynna Vegagerðinni um afgreiðslu sveitarstjórnar.	

Ýmis leiðbeiningarit og stoðgögn*

Vegir, stígar og gatnamót	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar	<i>Reglur</i>
<input type="checkbox"/> Hönnun hringtorga	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Leiðbeiningarit um 2+1 vegi	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Þjóðvegir í þéttbýli	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Reiðvegir	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Námur, efnistaka og frágangur	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Reglugerð um hávaða	<i>Reglugerð</i>
<input type="checkbox"/> Reglugerð um öryggisstjórnun vegamannvirkja	<i>Reglugerð</i>
<input type="checkbox"/> Tillaga að samráðsferli Vegagerðar og sveitarstjórna	
<input type="checkbox"/> Ýmsar reglugerðir sem tengjast vegum og umhverfi vega	<i>Heimasíða Vegagerðar</i>
<input type="checkbox"/> Vegaskrá	<i>Heimasíða Vegagerðar</i>

* Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða

2

Um deiliskipulag og vegi

Tilgangur leiðbeininganna er að veita þeim sem vinna að skipulagi yfirlit um þau gögn, hagsmuni og forsendur sem taka þarf tillit til þegar fjallað er um vegi á ábyrgð Vegagerðarinnar. Stefna ætti að því að samráði Vegagerðar og sveitarfélags sé lokið áður en skipulagstillaga er auglýst.

Hvenær á gátlistinn við?

Þegar unnið er að deiliskipulagi sem felur í sér einn eða fleiri eftirfarandi þátta:

- Breyting á legu þjóðvega, sem eru stofnvegir, tengivegir, héraðsvegir eða landsvegir
- Nýir þjóðvegir, t.d. tengivegur að nýju atvinnusvæði eða íbúðarsvæði
- Ný tenging við þjóðveg, þ.e. allar vegtengingar sem gerðar eru við stofnveg s.s. þegar skipulögð er ný byggð þarf að gera grein fyrir tengingu við þjóðveg
- Ný vegamót eða breytingar á vegamótum þjóðvega
- Skipuleggja á landnotkun sem getur haft áhrif á þjóðvegi, s.s. verslun og þjónusta, veitukerfi, undirgöng og brýr, göngu-, hjóla- og reiðstígar innan veghelgunarsvæðis
- Gerðar eru breytingar sem hafa áhrif á afköst og öryggi þjóðvega, t.d. vegna tillagna um að þrengja að stofnvegi, hægja á umferð eða bætt við nýrri byggð

Leiðbeiningarnar eru settar fram í formi gátlista og fylgja þær skipulagsferlinu:

- A. Lýsing verkefnis og matslýsing, ef við á samkvæmt skipulagslögum og/eða lögum um umhverfismat áætlana
- B. Vinnslutillaga deiliskipulags
- C. Tillaga til auglýsingar
- D. Afgreiðsla deiliskipulagsáætlunar

A. Lýsing verkefnis og matslýsing

Forsendur	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir forsendum skipulagsáætlunarinnar, sem snúa að samgöngum (vegir, stígar meðfram vegum, vegamót, tengingar, þveranir, veitur).	
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir aðdraganda og tildrögum þess að unnin er skipulagstillaga.	
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir hvernig skipulagstillagan samræmist aðalskipulagi / samgönguáætlun / vegáætlun?	<i>Samgönguáætlun</i>
<input type="checkbox"/> Er þörf á að taka saman lýsingu verkefnis (gr. 5.2.2 í skipulagsreglugerð) og er skipulagsáætlun háð lögum um umhverfismat áætlana?	<i>Skipulagsreglugerð Lög nr. 105/2006</i>
Gagnaöflun	
<input type="checkbox"/> Afla upplýsinga hjá Vegagerðinni um flokkun vega, þ.e. stofnvegir, tengivegir, héraðsvegir og landsvegir.	<i>Vegaskrá</i>
<input type="checkbox"/> Afla hnitsettra gagna af legu vega, vegamóta og tenginga?	
<input type="checkbox"/> Afla upplýsinga úr veghönnunarreglum Vegagerðarinnar s.s. hversu langt þarf að vera á milli vegamóta, breidd vega og tegund vega.	<i>Veghönnunarreglur</i>
<input type="checkbox"/> Afla upplýsinga um umferð og umferðaröryggi vega.	<i>Umferðartölur Umferðaröryggi</i>

Samráð	
<input type="checkbox"/> Senda lýsingu til umsagnar Vegagerðarinnar (sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga).	<i>Skipulagslög</i>
<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðarinnar eða sveitarfélags tilefni til þess að ræða þurfi forsendur og hagsmuni frekar s.s. á fundi?	<i>Samráðsferill</i>

B. Vinnslutillaga deiliskipulags

Forsendur	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Þarf að gera grein fyrir umferð og umferðaröryggi?	
Tillaga	
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir legu og breidd vegar, vegamótum, tengingum: Hnitsett gögn. Afla gagna hjá Vegagerðinni.	<i>Veghönnunar-reglur</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir veghelgunarsvæði skv. vegalögum (30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til).	<i>Vegalög</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir fjarlægð byggðar frá stofn- og tengivegum í dreifbýli. Utan þéttbýlis skal staðsetja íbúðir og frístundahús a.m.k. 100 m frá stofn- og tengivegum og 50 m frá öðrum þjóðvegum. Aðrar byggingar skulu vera í 50 m fjarlægð frá þjóðvegum. Víkja má frá fjarlægðarmörkum vegna verslunar- og þjónustubygginga.	<i>Skipulagsreglugerð t.l. d gr. 5.3.2.5</i>
<input type="checkbox"/> Tryggja að nægileg fjarlægð sé milli vegamóta eða rökstyðja af hverju er ekki hægt að fylgja fyrirmælum í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.	<i>Veghönnunar-reglur</i>
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir áhrifum breytinga/nýrra vega á umhverfið s.s. nálæga byggð (hávaði, loftmengun) umferð, umferðaröryggi og náttúru.	<i>Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar</i>
<input type="checkbox"/> Upplýsingar um umferð og umferðaröryggi vega. Hefur tillaga um skipulag landnotkunar nærri vegum áhrif á þessa þætti?	<i>Umferðartölur Umferðaröryggi</i>
<input type="checkbox"/> Þarf að setja sérstaka skilmála vegna vega s.s. háð lögum um mat á umhverfisáhrifum?	<i>Sjá viðauka 1 og viðauka 2</i>
Samráð	
<input type="checkbox"/> Senda vinnslutillögu til umsagnar Vegagerðarinnar og eiga samráðsfund um tillöguna eftir samkomulagi.	
<input type="checkbox"/> Vegagerðin skoðar m.a. tillögu m.t.t. legu vegar, umferðaröryggis, veltenginga, kostnaðar, uppbyggingar, afmörkunar veghelgunar, umhverfisáhrifa og skilmála.	
<input type="checkbox"/> Ef tillaga hefur áhrif á aðliggjandi sveitarfélag s.s. umferð og aðgengi skal senda hana til umsagnar viðkomandi sveitarfélags.	
<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðarinnar eða sveitarfélags tilefni til þess að ræða þurfi vinnslutillögu frekar s.s. á fundi?	<i>Samráðsferill</i>

C. Tillaga deiliskipulags til auglýsingar

Forsendur	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir samráði milli sveitarfélags og Vegagerðar (og annarra umsagnaraðila).	
<input type="checkbox"/> Gera grein fyrir og rökstyðja ákvörðun ef sveitarfélag velur aðra leið eða útfærslu á vegi en Vegagerðin hefur lagt til.	
Tillaga	
<input type="checkbox"/> Sama og í lið B.	

Samráð	
<input type="checkbox"/> Senda tillögu til umsagnar Vegagerðarinnar ef ekki er farið að tillögu Vegagerðarinnar.	
<input type="checkbox"/> Vegagerðin skoðar m.a. tillögu m.t.t. sömu þátta og í lið B.	
<input type="checkbox"/> Gefa viðbrögð Vegagerðarinnar eða sveitarfélags tilefni til þess að ræða þurfi tillögu frekar s.s. á fundi?	<i>Samráðsferill</i>

D. Afgreiðsla deiliskipulags

Afgreiðsla	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Sveitarstjórn afgreiðir deiliskipulagið skv. skipulagslögum og auglýsir niðurstöðu sína hafi borist athugasemdir við auglýsta tillögu. Ef endanleg tillaga er í andstöðu við tillögu Vegagerðarinnar sbr. 2. mgr. 28.gr. vegalaga sendir sveitastjórn Vegagerðinni upplýsingar um afgreiðslu ásamt viðbrögðum hennar við umsögnum og athugasemdum.	<i>Skipulagsreglugerð gr. 5.7.1 Skipulagslög 3. mgr. 41. gr. Vegalög</i>

Ýmis leiðbeiningarit og stoðgögn*

Vegir, stígar og vegamót	Upplýsingar
<input type="checkbox"/> Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar	<i>Reglur</i>
<input type="checkbox"/> Hönnun hringtorga	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Leiðbeiningarit um 2+1 vegi	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Þjóðvegir í þéttbýli	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Reiðvegir	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Námur, efnistaka og frágangur	<i>Leiðbeiningar</i>
<input type="checkbox"/> Reglugerð um hávaða	<i>Reglugerð</i>
<input type="checkbox"/> Reglugerð um öryggisstjórnun vegamannvirkja	<i>Reglugerð</i>
<input type="checkbox"/> Ýmsar reglugerðir sem tengjast vegum og umhverfi vega	<i>Heimasíða Vegagerðar</i>
<input type="checkbox"/> Vegaskrá	<i>Heimasíða Vegagerðar</i>

* Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða